

REGLUGERÐ

86
30. maí

um breyting á reglugerð nr. 39 26. apríl 1937, um innheimtu á kirkjugarðsgjaldi, sbr. reglugerð nr. 200 15. des. 1942.

1. gr.

Í 5. gr. reglugerðarinnar falli niður a-liður og b-liður, er áður var c-liður.

2. gr.

Við 7. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Heimilt er sóknarnefnd (kirkjugarðsstjórn) að ákveða, að kirkjugarðsgjaldi skuli jafnað niður í heilum krónum, en aurum, er út koma við útreikning þess, sleppt.

3. gr.

8. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Eindagi kirkjugarðsgjaldsins er hinn sami og á útsvörum.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og gildir um kirkjugarðsgjöld fyrir árið 1944.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64 23. júní 1932, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í kirkjumálaráðuneytinu, 30. maí 1944.

Björn Þórðarson.

Gústav A. Jónasson.

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Þórdísar Guttormsdóttur frá Ketilsstöðum“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 31. maí 1944. 87 31. maí

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Þórdísar Guttormsdóttur frá Ketilsstöðum.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Þórdísar Guttormsdóttur frá Ketilsstöðum í Vallahreppi.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Hallgrími Þórarinssyni, bónda á Ketilsstöðum, og Sigríði Hallgrímsdóttur s. st., til minningar um eiginkonu og móður þeirra, Þórdísi Guttormsdóttur.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er 500 — fimm hundruð — krónur.